TÓN2A05 - Músíktilraunir

Lýsandi heiti áfanga: Músíktilraunir
Framhaldsskólaeiningar: 5
Undanfari: kunnátta í hljófæraleik og/eða söng

Lýsing á efni áfangans:
Áfanginn er samvinnuverkefni við Tónskóla Fjallabyggðar. Nemendur semja tvö lög og útsetja á allan hátt. Þau þurfa líka að taka lögin upp og gera eitthvað kynningarefni fyrir sig. Eftir miklar æfingar flytja nemendur lögin á Músíktilraunum. Nemendur flytja einnig lögin fyrir samnemendur á sýningu á vegum skólans.

Lokamarkmið áfanga:
Nemandi skal hafa aflað sér almennrar þekkingar og skilnings á:

- uppbyggingu hlómsveitar
- vinnunni sem fer í að semja og útsetja lög
- upptökum á lögum

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- búa til lag og texta
- útsetja og flytja eigin lag
- hljóðupptökum
- standa á sviði sem heild

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- semja tvö lög og texta
- útsetja lögin
- hljóðrita lögin og útbúa til spilunar
- æfa lögin og flytja
- taka þátt í Músíktilraunum

- vinna saman og finna styrkleika hvers annars

Námsmat:
Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati, nemendur þurfa að standast mætingarkröfur áfangans.

Birt með fyrirvara um breytingar